

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hulda Björk Garðarsdóttir
sópran

Sigríður Aðalsteinsdóttir
mezzosópran

Daníel Þorsteinsson
píanó

NETÚTGÁFA

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 6. ágúst 2002 kl. 20:30

Hulda Björk Garðarsdóttir lauk einsöngvaraprófi frá Royal Academy of Music í London árið 1998. Þá hafði hún stundað nám við Listaháskólann í Berlín og lokið burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1996. Hún hlaut styrk úr söngvarasjóði FÍL 1999, frá Búnaðarbanka Íslands árið 2000, og Menningarsjóði FÍH árið 2001. Óperuhlutverk Huldu Bjarkar eru m.a. Fiordiligi í Cosi fan tutte og Súsanna í Brúðkaupi Fígarós hjá Garsington Opera í Englandi 1999 – 2000, Evridís í Orfeo og Evridís ásamt Kammerkór Kópavogs og Micaela í Carmen með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001. Hún hefur sungið einsöng með helstu kórum landsins og má þar nefna Kór Íslensku Óperunnar, Söngsveitina Fílharmóníu, Mótettukór Hallgrímskirkju og Karlakór Reykjavíkur. Næstu verkefni Huldu Bjarkar eru Mozart Requiem í St. Pétursborg ásamt Söngsveitinni Fílharmóníu. Verkið verður einnig flutt hérlendis með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í haust syngur hún sem gestasöngvari hlutverkið Jenufa í samnefndri óperu eftir Janáček í Norsku Óperunni í Osló. Hulda Björk er fastráðin við Íslensku Óperuna frá janúar 2003.

Sigríður Aðalsteinsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 1995. Helstu kennarar hennar þar voru Elísabet F. Eiríksdóttir og Þuríður Pálsdóttir. Árið 2000 útskrifaðist hún frá Tónlistarháskólanum í Vínarborg sem óperusöngvari með hæstu einkunn. Helstu kennarar hennar þar voru Kurt Malm og Helene Karusso. Hún stundaði auk þess nám við ljóðadeild háskólans frá 1998 – 2001 hjá Charles Spencer og sótti ljóðanámskeið hjá Robert Holl. Sigríður þreytti frumraun sína sem óperusöngvari við Þjóðaróperuna í Vínarborg vorið 1997 í hlutverki Mercedesar í Carmen. Hún var síðar ráðin við húsið 1999, 2000 og 2001 og söng þá hlutverk þriðju dömu í Töfraflautunni, Hans í Hans og Grétu, Fjodor í Boris Godunov o.fl. Hún hefur einnig tekið þátt í óperuflutningi hér heima m.a. hjá Norðuróp. Sigríður hefur haldið fjölda ljóða- og óperutónleika og tekið þátt í messum eftir Bach og Händel, bæði hér heima og í Austurríki. Sigríður hefur verið ráðin við Þjóðaróperuna í Vín og hefur störf í haust.

Daníel Þorsteinsson er fæddur í Neskaupstað. Hóf hann þar sitt tónlistarnám en lauk burtfarar- og píanókenningarprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og stundaði framhaldsnám við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam, þaðan sem hann lauk prófi árið 1993. Daníel hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi um árabil, bæði sem einleikari og í samleik, auk þess sem hann hefur samið og útsett tónlist fyrir leikhús, söngvara og kóra og leikið inná fjölda hljómdiska, tónlist af ýmsu tagi. Hann hefur verið í CAPUT hópnum frá upphafi og komið fram með honum víða um heim og leikið inn á hljómplötur og fyrir útvarp. Daníel var útnefndur bæjarlistamaður á Akureyri árið 2000 en þar býr hann nú og starfar.

Efnisskrá

Gustav Mahler
1860 – 1911

Lieder eines fahrenden Gesellen

- 1 Wenn mein Schatz Hochzeit macht...
- 2 Ging heut´ morgen übers Feld...
- 3 Ich hab´ ein glühend Messer...
- 4 Die zwei blauen Augen....

Richard Strauss
1864 – 1949

Tvö lög við texta John Henry Mackay, opus 27

- 3 Heimliche Aufforderung
- 4 Morgen

Richard Strauss

Drei Lieder der Ophelia, opus 67

- 1 Wie erkenn ich mein Treulieb ...
- 2 Guten Morgen, ´s ist Sankt Valentinstag,...
- 3 Sie trugen ihn auf der Bahre bloß,...

William Shakespear: Hamlet

Johannes Brahms
1833 – 1897

Dúett opus 20 nr.3 og opus 66 nr. 1 – 3

Die Meere

aus Herders Stimmen der Völker

Klänge I

Klänge II

Am Strande

Klaus Groth

Hölty

NETÚTGÁFA

Hljóðfæraverslun Leifs Magnússonar styrkir þessa tónleika